

Alþingi
Erindi nr. P 122/1508
komudagur 26.3.98

Ár 1997, föstudaginn 14. febrúar er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur, héraðsdómara, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 839/1996

Ákærvaldið

gegn

Haraldi Diego og

Jóni Páli Haraldssyni

Mál þetta sem dómtekið var hinn 20. janúar 1997 er höfðað samkvæmt ákæru útgefinni af lögreglustjóranum í Reykjavík hinn 21. október 1996 á hendur ákærðu, Haraldi Diego, kt. 120472-3059, Laugateigi 12, Reykjavík og Jóni Páli Haraldssyni, kt. 041158-5309, Njálsgötu 8a, Reykjavík, "fyrir brot gegn áfengislögum með því að hafa í félagi; ákærði Haraldur sem ritstjóri og ábyrgðarmaður Miðlarans, markaðsblaðs birt áfengisauglýsingar og ákærði Jón Páll sem sölustjóri hins auglýsta áfengis greitt kostnað við auglýsingar áfengis sem hér segir:

1. fyrir að hafa auglýst áfengistegundina Anaké á bls. 7 í 1. tölublaði 1. árgangs Miðlarans.
2. fyrir að hafa auglýst áfengistegundina Hot n'Sweet á bls. 11 í 2. tölublaði 1. árgangs Miðlarans.

Telst þetta varða við 16. gr. a, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978 og 8. gr. laga nr. 94, 1995, um breytingar á þeim lögum."

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar svo sem í ákæru greinir, og að ákærðu verði dæmdir til að greiða hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða Haraldar Diego eru gerðar þær kröfur að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð þar með talin málsvarnarlaun að mati dómsins.

Af hálfu ákærða Jóns Páls Haraldssonar eru gerðar þær kröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og að allur kostnaður sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, verði felldur á ríkissjóð.

Málavextir eru þeir að hinn 21. maí 1996 var tekin skýrsla af ákærða Haraldi Diego hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík vegna meintrar áfengisauglýsingar á bls. 7 í 1. tbl. 1. árg. Miðlarans 1996. Umfjöllun sú sem deilt er um tekur yfir heilsíðu í dagblaðsbroti. Meginefni síðunnar er uppstíllt ljósmynd, nærmynd af stúlku með vínklas. Myndin er í svart hvítu að undanskildum drykknum í glasinu, sem er í gulum lit og fjólublátt rör er í glasinu. Inn á myndina er skeytt flösku með drykknum Anaké, einnig í lit, gulur vökvi og fjólublár tappi. Efst á síðunni stendur með nokkuð

stórum stöfum "Vinsmökkun mánaðarins". Neðst á síðunni er sex lína texti sem byrjar á heiti áfengistegundarinnar með stækkuðu letri. Textinn er svohljóðandi: "Anaké - koniaksdrykkur dömunnar. Anaké - drykkurinn sem við tókum fyrir núna í fyrstu vinsmökkun Miðlarans, kemur fyrir tungu manns sem eilítið væminn í fyrstu. Það breytist fljótt og verður drykkurinn nánast sem undurmjúkur appelsínusafi. Tveir klakar í kaldan drykkinn og þá er hann orðinn að tiskudrykksins (sic) í sumar. Líklegast þykir að hann fari betur í dömurnar en síþyrsta þambara. Hann færst núna á öllum betri börum borgarinnar. Til að kaupa hann í ríkinu máttu bíða í smá tíma. Einkunn: 7,5 af 10." Undir myndinni stendur með smáu en dökku letri "Miðlarinn minnir á að akstur og áfengi fara ekki saman". Fram kom að blaðið var gefið út í 65.000 eintökum og borið út á öll heimili á Reykjavíkursvæðinu og lá frammi á bensinstöðvum. Var ákærði Haraldur ritstjóri þessa tölublaðs. Neitaði ákærði Haraldur að umfjöllun þessi væri áfengisauglýsing enda bæri síðan stórum stöfum fyrirsögnina "Smökkun vikunnar" og væri þar eingöngu verið að fjalla um smökkun drykkjarins Anaké. Drykknum væri gefin einkunn og önnur fagleg umfjöllun smakkarans tekin fram og álit. Kvaðst hann hafa séð um þessa síðu og teljast vera ábyrgðarmaður hennar og annars efnis blaðsins sem ritstjóri. Kvað hann blaðið ekki taka neinar greiðslur fyrir nefnda umfjöllun.

Næsta dag aflaði lögreglan þeirra upplýsinga hjá umboðsaðila drykkjarins Anaké að drykkurinn væri 16% að áfengisstyrk.

Hinn 23. júní 1996 hringdi ónefndur aðili til lögreglunnar í Reykjavík og benti á meinta áfengisauglýsingu í 2. tbl. Miðlarans, þar sem á blaðsíðu 11 væri heilsíðuauglýsing og væri aðalatriði þar Hot n'Sweet, sem tilgreint væri sem sterkt vín.

Hinn 27. júní 1996 barst lögreglu kæra frá Umdæmisstúku Suðurlands undirrituð af Jóni K. Guðbergssyni, umdæmistemplar, vegna auglýsingar sem birtist í Miðlaranum 2. tbl., 1. árg.

Hér var um að ræða heilsíðumynd af stúlku í undirfötum sem liggur á rúmi í hótélherbergi og hefur fyrir framan sig bakka með opinni flösku af Hot n'Sweet og tveimur glösum með drykk í. Myndin er öll í brúnum tónum eins og drykkurinn. Neðst er svohljóðandi texti: "Hot n'Sweet kynning (stækkað letur). Þegar beðið er eftir fjörinu þarf eitthvað sterkt og gott til að skapa réttu stemninguna. Þessi skemmtilegi drykkur er uppfinning fyrirtækisins Strandgården í samvinnu við Pirelli sælgætisverksmiðjurnar og er framleiddur undir einkaleyfi frá Pirelli. Sumir veitingamenn vilja blanda eftirlíkingar af Hot n'Sweet upp á eigin spýtur með misjöfnum árangri. Drykkurinn er vel til fallinn til að staupa á með öli eða einn sér. Þetta er ætlað- sem "skot" en margir dreypa hagar á honum. Drykkurinn mun fást í reynslubúðum ÁTVR frá 1. júlí, í Heiðrúnu, Kringlunni á Seltjarnarnesi og á Akureyri. Einkunn: 8,5 fyrir bragð en 10,0 fyrir hugmyndina." Undir myndinni stendur með mjög smáu letri "Miðlarinn minnir á að akstur og áfengi fara ekki saman".

Hinn 11. júlí 1996 var ákærði Haraldur aftur boðaður til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík, nú vegna ofangreindrar meintrar auglýsingar í 2. tbl. Miðlarans. Aðspurður sagðist hann í tvö skipti hafa séð um áfengissmökkun fyrir blað sitt Miðlarann. Kvaðst hann vera ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs. Kvaðst hann hafa ákveðið að fjalla um Hot n'Sweet í þessu tölublaði og hafa farið fram á það við innflytjandann Austurbakka að hann greiddi fyrir ljósmyndun, förðun og módel og hafi hann gert það en að auki hafi fyrirtækið skaffað sér áfengið til smökkunar. Hann kvaðst hafa séð um að útvega módel, ljósmyndara og aðstöðu til myndatökunnar og séð alfarið um þessa smökkun. Tók hann fram að hann liti ekki á þetta sem áfengisauglýsingu á nokkurn hátt, heldur væri hann að fylgja fordæmum annarra íslenskra blaða og tímarita eins og umfjöllun um þessi efni hefði verið undanfarin ár. Taldi hann smökkunina sjálfa og uppsetningu hennar vera smekklega, og að falleg kona í smekklega innréttuðu herbergi Hótel Borgar með einhvern bakka hjá sér með víninu á, væri fremur til þess að sýna smekklega umfjöllun um vín það sem sagt væri frá í texta undir myndinni.

Hinn 1. ágúst 1996 var ákærði Jón Páll yfirheyrður hjá rannsóknardeild Lögreglunnar í Reykjavík, hann er sölustjóri vindeildar fyrirtækisins Austurbakka, sem flytur inn áfengistegundirnar Anaké og Hot n'Sweet. Kvað hann Harald Diego hafa haft tal af sér og boðið fram þjónustu sína við umfjöllun um þessar tvær áfengistegundir Anaké og Hot n'Sweet. Hafi Haraldur sagst ætla að hafa vikulega umfjöllun um áfengi í tímariti sínu Miðlaranum. Kvaðst ákærði Jón Páll hafa lagt á það áherslu við hann strax í upphafi að umfjöllun þessi væri á hans ábyrgð og hafi Haraldur gengist inn á það. Kvað hann Austurbakka greiða fyrir ljósmyndun, uppsetningu á mynd, módel, förðun og fleira að hluta til og hafi það lagt til flösku af vínnum þessum til smökkunar. Kvað hann áfengismagn í Anaké vera 17% og í Hot n'Sweet 31%. Kvaðst hann ekki lita á þessa umfjöllun á nokkurn hátt sem auglýsingu á áfengistegundum þessum enda væri ekki greitt fyrir auglýsingar í þessum tilfellum.

Fyrir rétti var framburður ákærðu í samræmi við framburð hjá lögreglu. Ákærði Haraldur lagði auk þess áherslu á að upphaflega hugmyndin hefði verið að hafa einhvers konar tiskubátt þar sem fallett módel og vönduð myndataka væri í forhlutverki og höfða með því til ungs fólks. Tískan kæmi m.a. fram í fallegum klæðnaði og hárgreiðslu, módelið væri nýkjörin fegurðardrottning Íslands, sem sagt í tísku, og uppsetningin faguð. Neitaði hann að hér væri um áfengisauglýsingu að ræða. Taldi hann að áfengisauglýsing væri alltaf með aðaláherslu á áfengi, hversu flott það væri og hvað maður fengi út úr því að drekka áfengi, stór munur væri á auglýsingu og á áfengisumfjöllun. Hér væri aðaláhersla á stúlkunni, sem væri að dreypa á áfengum drykk. Væri þetta í takt við það sem gert væri annars staðar í þjóðfélaginu.

Spurður um framleiðslukostnað á heilsíðu taldi hann hann vera um kr. 90-100.000, hann kvað forsiðuauglýsingu hafa verið selda á kr. 160.000 og 80.000, en baksíðu á kr. 120.000 og 200.000. Þessi tiltekna síða hafi ekki átti að vera arðbær síða

heldur lítsíða sem gerði blaðið áhugaverðara, eitthvað sem útgefandi legði af mörkum. Hafi eigin kostnaður vegna hennar numið um 35-40.000 krónumi ef með sé talin prentun og dreifing. Hann kvað reikning Miðlarans á Austurbakka vegna þessa hafa verið um kr. 80.000 og hafi aðrir reikningar komið þar á móti. Miðlarinn hafi haft milligöngu um að greiða kostnaðarliði og þar sem kostnaður hafi reynst lægri hafi verið endurgreitt og þannig sé kreditnóta að fjárhæð kr. 15.000 tilkomin. Taldi hann reikninga sem tilkomnir væru vegna gerðar hinna umdeildu síðna nema samtals kr. 46.805 án virðisaukaskatts en Austurbakki hafi greitt kr. 65.000 án virðisaukaskatts. Mismunur sé vegna uppsetningar sem kosti um 6-7.000 krónur hvor síða auk hágreiðslu og förðunar. Reikningur frá uppsetjara blaðsins sé ekki sundurliðaður, og ekki sé reikningur vegna hárgreiðslu þar sem eiginkona hans hafi séð um hana, hafi hún borgað efni í sinni vinnu og staðið skil á því með frádrætti og vinkona hennar hafi annast förðun, sem vinargreiða, sem endurgoldinn sé með greiða. Kvað hann það algerlega hafa verið að hans eigin frumkvæði að haft var samband við Austurbakka. Uppsetning og birting hafi verið á hans ábyrgð, þ.e.a.s. að hlutirnir kæmu rétt og vel og skýrt fram, og að hann myndi svara óánægjuróddum ef þær kynnu að koma fram. Kvaðst hann sjálfur hafa samið textann. Spurður um tilgang blaðsins kvað hann það hafa verið ætlað sem markaðsblað með áherslu á bíla og bílaviðskipti, þarna hafi verið auglýsingar á bílum og tengdu efni og umfjöllun í sambandi við farartæki til dæmis um fjáröflunarleiðir. Lagði hann áherslu á að þessi umfjöllun væri ekki ólík því sem gengi og gerðist víða annars staðar í íslenskum fjölmiðlum þar sem fjallað væri um áfengi, til dæmis í Morgunblaðinu, Heimsmynd og Vikunni nú fyrri jóln, og hefði hann verið að fara að þeirra fordæmi. Auglýsingar í blaðið kvað hann yfirleitt koma tilbúnar á disklingum. Hann kvað Miðlarann ekki koma út lengur, aðeins hefðu komið út þessi tvö tölublöð.

Ákærði Jón Páll kvað Austurbakka hafa verið með umboð fyrir Hot n'Sweet frá því í október 1994 og Anaké frá því í ágúst-september 1995. Hafi drykkirnir fyrst verið fluttir inn af þeim 1. des 1995. Hot n'Sweet hafi þá verið búið að vera á markaði í ár í gegnum ÁTVR. Spurður um það hvað hann meinti með því að þetta væri á ábyrgð ákærða Haraldar, kvaðst hann hafa meint að kynningin væri unnin það vel að hún yrði ekki túlkuð sem auglýsing. Hann kvað þetta ekki vera auglýsingu vegna þess að stúlkurnar væru aðalatriðið og þær væru að fjalla um áfengi, þannig hafi hugmyndin verið lögð fyrir hann upphaflega, taldi hann að einhver fyrirmynd hefði verið í dönsku blaði, þetta hafi átt að vera stúlka vikunnar, þessi stúlka hafi síðan átt að fjalla um eitthvað sem væri vinsælt og höfðaði til unga fólksins, auk þess hafi honum skildist að það ætti að vera ákveðin tíska í þessu. Í auglýsingu væri áfengistegundin aðalatriðið á myndinni en ekki aukaatriði, hér væri það andlit stúlkunnar sem maður tæki fyrst eftir. Hann kvað försögu málsins vera þá að Haraldur hefði haft samband við sig og síðan komið og útskýrt nánar hvað hann væri að hugsa. Hann kvað Austurbakka hafa greitt kostnað við gerð kynningarefnisins. Hann kvað Austurbakka ekki hafa borgað meira

en nefnt hafi verið, ekkert hafi verið ákveðið um framhald. Kynningarafengið kvaðst hann hafa farið með á veitingahús eins og leyfilegt væri að gera. Flöskuna sem var mynduð kvaðst hann hafa tekið til baka og það sem hafi verið smakkað hafi verið smakkað á veitingahúsinu. Kvað hann ákærða Harald hafa lýst sinni eigin skoðun á drykkjunum. Hann kvaðst ekki hafa verið ánægður með umfjöllunina, hafi honum fundist dómurinn sem Haraldur gaf öðrum drykknum dálítið væminn.

Einnig kom fyrir dóminn sem vitni Valgeir F. Backman sölumaður hjá Austurbakka í vindeild, kvaðst hann hafa heyrt á samtali ákærðu um fyrirkomulag á kynningu í Miðlaranum. Kvaðst hann þá hafa farið fram og spurði hver væri ábyrgur ef þetta yrði túlkað sem auglýsing. Hafi ákærði Haraldur sagst vera ábyrgur, Miðlarinn væri ábyrgur.

Lagður-hefur verið fram í málinu reikningur Miðlarans á hendur Austurbakka hf. að heildarfjárhæð með virðisaukaskatti kr. 99.500, en án kr. 80.000 "vegna kostnaðar við gerð kynningarefnis. Ath. ljósmyndun, förðun og módel". Á reikninginn er skráð innborgun kr. 50.000. Einnig er lögð fram kreditnóta vegna endurgreiðslu með virðisaukaskatti kr. 18.675, en án kr. 15.000. Einnig hafa verjendur lagt fram fjölmargar úrklippur úr Morgunblaðinu þar sem fjallað er um áfengi með einum eða öðrum hætti, einnig úrklippu úr ritinu Séð og Heyrt þar er sem mynd af áfengisflösku sem eins konar myndskreyting með frétt en án umfjöllunar um vinið, blað úr auglýsingabæklingi verslunarinnar Nóatún þar sem kynnt er ámuöl og ljósrit af bls. 116 í símaskránni af stækkuðum dálki Budweiser umboðsins.

Niðurstaða.

Af hálfu sækjanda var lögð áhersla á að hér væri um auglýsingar að ræða í skilningi áfengislaga og að slíkar auglýsingar væru bannaðar að viðlagðri refsingu, sbr. lagaákvæði tilgreind í ákæru. Með 8. gr. laga nr. 94/1995, um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969 hafi verið sett í lög skilgreining á áfengisauklýsingum, sbr. 2. mgr. 16. gr. a. Skilgreining þessi hafi áður verið í reglugerð um bann við áfengisauklýsingum nr. 62/1989. Tilgangurinn með lagabreytingunni hafi verið að bregðast við þeirri niðurstöðu dómstóla að reglugerðarákvæðið væri ófullnægjandi til sakfellingar.

Af hálfu verjenda var lögð áhersla á að hér væri um að ræða umfjöllun um áfengi en ekki auglýsingu og að það samræmdist ekki prentfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar að banna slíka umfjöllun, sbr. 73. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, sbr. brl. nr. 97/1995, né heldur samræmdist slíkt bann 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Af þessum sökum yrði 16. gr. a áfengislaga ekki beitt sem refsheimild. Þá var því haldið fram að 3. tl. 4. mgr. 16. gr. áfengislaga bryti í bág við jafnræðisreglur þar sem mismunað væri erlendum og innlendum aðilum. Ennfremur væri hér um brot á EES-samningum að ræða, sbr. 4. gr. laga nr. 2/1993, sbr. einnig 8., 11. og 36. gr. samningsins. Samningurinn hafi samkvæmt 2. og 3. gr.

sinni lagagildi hér á landi og beri að skýra önnur lög til samræmis við hann. Hér á landi faist fjöldi tímarita með áfengisauglýsingum sem séu bannaðar í íslenskum ritum, bannað sé að auglýsa í íslenska ríkissjónvarpinu en í Fjölvarpi megi á erlendum stöðvum sjá áfengisauglýsingar og í Danmörku séu léyfð skilti með áfengisauglýsingum en slíkt sé bannað hér á landi. Verði framangreind ákvæði ekki talin eiga beint við þá sé nauðsynlegt í ljósi þeirra að túlka ákvæði 16. gr. a áfengislaga mjög þröngt.

Hér að framan hefur efni þvi sem ákært er út af verið lýst. Ber uppsetning þeirra og texti óneitanlega mjög sterkan keim af auglýsingum. Er myndin yfirgnæfandi, áfengið gripur augað og gefur myndmálinu merkingu. Framleiðendur og seljendur hafa löngum nýtt sér fegurð kvenna til að draga athygli að vörum sínum, þykja þau rök ákærðu því ekki sannfærandi að áhersla hafi átt að vera á stúlkunum á myndunum en ekki á áfenginu. Ekki þykja það heldur fullnægjandi rök að uppsetning sé vel unnin og smekkleg, því oft er mikið lagt í umgerð auglýsinga. Um myndtextann er það að segja að hann þykir full snubbóttur og efnisrýr til þessa að falla undir almenna skilgreiningu á hugtakinu "umfjöllun", þykir hann eiga meira skylt við auglýsingatexta. Þá rennir það enn stoðum undir það að litið verði á greinda birtingu sem auglýsingu að innflytjandinn hefur greitt kostnað vegna hennar, jafnvel þótt ekki sé um venjuleg kaup á auglýsingu að ræða. Þau tvö eintök af blaðinu Miðlaranum sem út komu og lögð hafa verið fram í málinu bera sterkan viðskiptablæ enda er fyrirheit útgefanda í 1. tbl. að "gera blaðið að fullkomnu markaðsblaði". Þrátt fyrir þetta er viss vafi um ásetning og markmið ákærðu.

Blaðið Miðlarinn kom tvisvar út í maí og júní 1996, var þá í gildi 16. gr. a áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1995. Samkvæmt því ákvæði er lagt bann við hvers konar auglýsingum á áfengi og einstökum áfengistegundum. Samkvæmt 2. mgr. er með auglýsingu átt við "hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifingu (sic) prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar." Nokkrir dómur gengu í Hæstarétti og í héraði fyrir gildistöku laga nr. 94/1995 þar sem eldra samhliða ákvæði reglugerðar nr. 62/1989 um bann við áfengisauglýsingum var talið ófullnægjandi til sakfellingar í ljósi þágildandi prentfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar. Hér að framan er skilgreining laganna á auglýsingu tekin upp orðrétt. Sést glögg af þeirri tilvítun að skilgreiningin er mjög við og óskýr vegna hinnar löngu upptalningar, almennrar orðanotkunar, sem og málvillu sbr. orðalagið "dreifingu prentaðs máls . . ." sem ekki er ljóst hvar hefur tengingu í setningunni. Þykir þetta orðalag 2. mgr. ákvæðisins nánast geta tekið til hvers konar umfjöllunar um eða kynningar á áfengi. Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1995 til breytingar á henni, skulu allir vera frjálsir skoðana sinna og sannfæringar Skýra ber 16. gr. a áfengislaga þröngt í ljósi 73. gr. stjórnarskrár. Samkvæmt 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu

felst í tjáningarfrelsi frelsi til að "taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum". Orðalag 2. mgr. 16. gr. a áfengislaga er svo opið og óljóst að það þykir ekki geta verið grundvöllur sakfellingar þegar framangreint er haft í huga. Þrátt fyrir það álit dómsins, að sú umfjöllun sem ákært er fyrir í 1. og 2. tbl. Miðlarans sé mjög í anda auglýsinga, þá leiðir sú trygging er stjórnarskráin veitir mönnum til frjálsra skoðana og tjáningar til þess að sýkna ber ákærðu af kröfum ákærvaldsins í máli þessu. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki ástæða til að fjalla um önnur atriði í málsvörni.

Niðurstaða þessi leiðir til þess að sakarkostnaður skal lagður á ríkissjóð, þar með talinn saksóknarlaun sem þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000 og málsóknarlaun skipaðs verjanda ákærða Haraldar Diego, Bjarka Diego hdl., kr. 60.000 og málsvarnarlaun ákærða Jóns Páls Haraldssonar, Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., kr. 60.000.

Af hálfu ákærvaldsins fór Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík með málið.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

d ó m s o r ð

Ákærðu, Haraldur Diego og Jón Páll Haraldsson, skulu vera sýknir saka í máli þessu.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun kr. 60.000, málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Haraldar Diego, Bjarka Diego hdl., kr. 60.000 og málsvarnarlaun ákærða Jóns Páls Haraldssonar, Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., kr. 60.000.

Hjördís Hákonardóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómur Reykjavíkur, 14. febrúar 1997.

